



Alþingi
Erindi nr. P 125/160
komudagur 18.11.1999

Reykjavík, 16. nóvember 1999

Allsherjarnefnd Alþingis.

Á deildarfundi í guðfræðideild Háskóla Íslands 15. nóvember s.l. var lögð fram og samþykkt meðfylgjandi umsögn um frumvarp til laga um skráð trúfélög, 69. mál heildarlög.

Við umræður um umsögnina benti einn fundarmanna á, að tilvísun til góðs siðferðis og allsherjarreglu í 1. gr. frumvarpsins væri of almenns eðlis auk þess sem mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar væru ófullkomin.

Nausynlegt væri því að vísa til þeirra mannréttinasáttmála, sem Ísland á aðild að, þar sem til eru trúfélög, sem í kenningum og skipan eru ólýðræðisleg og í reynd virða ekki almenn lýðréttindi.

Virðingarfyllst,

Ásdís Guðmundsdóttir,
skrifstofustjóri guðfræðideildar.



Umsögn guðfræðideildar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um skráð trúfélög

Mikilvæg markmið við lagasetningu um þetta málefni er að tryggja trúfrelsi og þar með að veita trúfélögum utan þjóðkirkjunnar jafnræði á við hana, eftir því sem frekast er unnt í samræmi við stjórnarskrá og mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Virðist sem þessum markmiðum hafi í meginatriðum verið náð við gerð frumvarpsins. Í því sambandi er það t.a.m. kostur að lagt er til að ekki verði sett nein önnur ákvæði í lög um trúfélög sem ekki sækjast eftir skráningu umfram það sem gert er í 1. gr. laganna. Þá er það mikil framför frá núgildandi lögum að nú er lagt til að þess verði ekki krafist að forstöðumenn skráðra trúfélaga séu íslenskir ríkisborgarar sem og að fallið skuli vera frá þeim ákvæðum að aðeins þeir verði taldir heyra til íslensku þjóðkirkjunnar eða íslensku trúfélagi utan þjóðkirkjunnar sem eru íslenskir ríkisborgarar eða eiga búsetu hér á landi.

Í fyrri tölulið 3. gr. er það nýmæli að finna að gert er að skilyrði fyrir skráningu trúfélags að það leggi stund á „...átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur.“ Þar sem ákvæði þessu er einvörðungu ætlað að ná til þeirra trúfélaga sem hyggjast nýta sér þann rétt sem skráningu fylgir en ekki hinna sem ekki æskja skráningar er ljóst að ákvæðið þrengir ekki trúfrelsisákvæði Stjórnarskrárinnar sem ekki kveður á um nein slík tengsl. Að öllum jafnaði ber þó að túlka ákvæðið það rúmt að að ekki skapist óþarfur vafi við afgreiðslu á umsóknum um skráningu eða að þörf sé á sérfræðilegu mati hverju sinni (sbr. athugasemdir við 4. tölulið 4. greinar.)

Í fyrsta tölulið 4. gr. er kveðið á um upplýsingaskyldu þeirra trúfélaga er æskja skráningar. Í því sambandi er mikilvægt að skilja á milli upplýsingaöflunar og mats í sambandi við afgreiðslu umsóknar. Þannig virðist t.a.m. eðlilegt að upplýsingar liggi fyrir um trúarkenningar trúfélags er æskir skráningar. Afgreiðsla umsóknarinnar má hins vegar að öllum jafnaði ekki fela í sér mat í þessu efni þar sem slíkt brýtur í bága við trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar (sbr. og athugasemdir við 4. tölulið 4. greinar.)

Í þriðja tölulið sömu greinar er áskilið að trúfélag tilnefni forstöðumann áður en skráning fer fram. Nokkur hefð er fyrir því að nota hugtakið forstöðumaður yfir einstakling sem m.a. gegnir trúarlegu forystuhlutverki innan viðkomandi félags. Á hinn bóginn er slík forysta í trúfélögum „sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur“ stundum fremur í höndum sérstakra hópa en einstaklings. Því virðist æskilegt að forðast hugtakið forstöðumaður í viðkomandi tölulið og ræða fremur um sérstakan trúnaðar- eða stjórnarmann er annist tengsl við dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Í 4. tölulið er loks gert ráð fyrir að öllum umsóknum um skráningu trúfélaga verði vísað til sérstakrar sérfræðinganevndar er skipuð sé samkvæmt tilnefningum þriggja deilda Háskóla Íslands. Engin rök virðast fyrir svo flókinni málsmeðferð nema í undantekningatilvikum. Því er mælt með að töluliðurinn verði þannig: „Áður en leyfi er veitt til skráningar trúfélags er heimilt að leita álits nefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipar.“ Um nefndina mætti síðan hafa fyllri ákvæði í reglugerð.